



# BYGGINGARLIST Í AUGNHÆÐ

GUJA DÖGG HAUKSDÓTTIR

Manngert umhverfi snertir alla og er mikilvægur hluti af daglegu lífi okkar. Byggingarlist nýtir sér tungumál forms og rýmis, efnis og birtu sem kveikir listræna upplifun á hversdagslegum sem sérstökum stöðum. Bókin *Byggingarlist í augnhæð* réttir fram lykla að lestri á byggingarlist.

Í I. hluta: HEIMA er fengist við nánasta umhverfi eða **RAMMA** daglegs lífs. Með útgangspunkt í því umhverfi sem stendur hverjum og einum næst er hugað að fyrirbærinu fegurð og hvernig við skilgreinum það sem er fallegt eða ljótt.

Í II. hluta: INNI er athyglinni beint inn á við og tekist á við skynjun okkar á **RÝMI** bygginga. Hér eru kynntar tvær megin aðferðir við byggingu húsa og samhengi þeirra við rýmið sem er innan í húsunum.

Í III. hluta: ÚTI er leitast við að greina **FORM** bygginga. Hér er ytra form eða útlit bygginga borið saman við mismunandi áherslur í tíðaranda, formfestu og léttleika á víxl.

